



Námsmat og vitnisburður

Þrjár annir

Við skiptum skólaárinu í þrjár annir. Í lok hvernar annar fá nemendur vitnisburðarblað þar sem dregið er saman hvernig námsframvinda nemandans hefur verið í hverri námsgrein. Í lok fyrstu og þriðju annar byggir námsmatið á samantekt alls konar verkefnaskila og prófa en í lok 2. annar höfum við svo nefnda *námsmatsdaga*. Á þeim er kastjósinu beint að þeim námsþáttum sem mæla annars konar færni en mælast í hefðbundnum prófum og verkefnum. Hér má nefna, mælingu á þemadögum, ritgerðasmíð, tölfræðiverkefnum, þátttöku í ungbarnadögum, ritvinnslu, myndbandsverkefnum, hugtakaverkefnum, ræðumennsku, glæruverkefnum, rannsóknarverkefnum og fleira í þeim dúr. Hver námsmatsdagur er þá nýttur til þess að mæla tiltekin færni viðmið. Við gerðum tilraun með þetta skólaárið 2019 - 2020 og vorum ánægð með hvernig til tókst. Á skólaráðsfundi í kjölfarið fóru fram umræður um þetta fyrirkomulag og allir voru sammála um að það hafi tekist vel til.

Skriflegar umsagnir

Í lok 1. og 2. annar skrifa kennarar umsagnir í hverri námsgrein. Þessar umsagnir eru prentaðar út. Í umsögnum draga kennarar saman í orðum hvernig nemandi hefur og hrósa eða benda á hvað betur má fara, eftir atvikum. Ávallt er þess gætt að hafa umsagnir uppbyggjandi.

Samfellt námsmat

Námsmat í skólanum er samfellt. Strax á haustdögum fara kennarar yfir með hvaða hætti námsmatið fer fram og hvernig við leggjum nemendum lið við að ná námsmarkmiðum í samræmi við aðalnámskrá. Kynning fer fram um bæði gildi námsástundunar, sjálfstæði í námi, farið er yfir alls konar samræmd vinnubrögð um frágang verkefna og minnum á að hvert viðfangsefni er í raun hluti af námsmati nemandans í skólanum. Við kynnum fyrir þeim að ýmiss konar færni sé lögð undir mælistiku og segjum þeim með hvaða hætti sú mæling fer fram.

Viðmið og framsetning námsmats – leiðsögn kennara mikilvæg

Samkvæmt aðalnámskrá eru bókstafir mælistika á árangur samkvæmt viðmiðum. Þeim er einnig ætlað að vera **leiðbeinandi** fyrir nemandi og veita honum og foreldrum/forráðamönnum upplýsingar um framgang námsins.

Mikilvægt er að nemandi viti sem gleggst hver markmið í námi eru og hvað hann þarf að leggja á sig til þess að ná þeim markmiðum. Kennarinn þarf að leiðbeina nemandanum og leggja honum lið í að ná markmiðum sínum. Námsmatið er síðan birt á svo nefndu **hæfnikorti** nemandans sem hann getur fylgst með á námsvefnum Námfúsi (www.namfus.is). Í lok vetrar er tekið saman hvernig námsframvindan hefur verið samkvæmt sex stiga hæfnikvarða.

Sex stiga hæfnikvarði í hverri námsgrein:

A	Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni
B+	Nemandi nær öllum hæfniviðmiðum og sýnir framúrskarandi hæfni í nokkrum verkefnum
B	Nemandi hefur náð langflestum hæfniviðmiðum (krafa framhaldsskóla)
C+	Nemandi þarfnast þjálfunar í nokkrum mikilvægum hæfniviðmiðum
C	Nemandi hefur ekki náð flestum hæfniviðmiðum og þarfnast þjálfunar
D	Nemandi hefur ekki náð nauðsynlegum hæfniviðmiðum

Kennari skráir auk þess **umsagnir** til þess að upplýsa nemandann nánar um framganginn.

Dæmi:

Þú ert með B í námsgreininni en ert á góðri leið með að fá B+

Dæmi:

Þú þarft að þjálf þig meira til þess að ná grunnfærni. Þig vantar færni í mikilvægum námsmarkmiðum.

Stjörnumerkt mat

Við stjörnumerkjum námsmat þegar við höfum þurft að víkja talsvert frá hæfni- og námsviðmiðum nemanda. Hér má nefna sem dæmi að nemandi í 10. bekk hefur verið að vinna með námsmarkmið 8. bekkjar og hefur því ekki náð hæfniviðmiðum. Kennari gerir þá grein fyrir frávikum frá námskrá í hverju tilvikum fyrir sig.

Ath. Menntamálastofnun hefur gefið út glærur sem lýsa námsmatinu ágætlega.

Hægt er að nálgast þér hér:

https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/februar-kynning_a_namsmati_upptaka2.pptx?fbclid=IwAR0h9GHjCI4dBkJvTRioIz4xqzP41T2YMLMJIRincJmr7W6zJVRcHxWnl8o

Fyrsta og annað hæfniprep í framhaldsskóla

Í framhaldsskóla raðast námsáfangar í upphafi framhaldsskólanáms ýmist á fyrsta eða annað hæfniprep. Námsmatskvarðinn A-D er skilgreindur þannig að nemandi sem fær B, B+ eða A hefur náð hæfniviðmiðum í 10. bekk. Jafnan er gert ráð fyrir að þeir nemendur sem ná þeim viðmiðum búi yfir hæfni til þess að hefja nám í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði í framhaldsskóla á öðru hæfniprepi. Skal tekið mið af því við einkunnagjöf við útskrift úr 10. bekk.

Þeir nemendur sem fá C+ eða lægri einkunn þurfa að hefja nám á fyrsta hæfniprepi í framhaldsskóla og geta fengið viðeigandi stuðning við nám.

Einstaklingsbundið námsmat

Víða í skólanámsránni er fjallað um einstaklingsbundið nám í skólanum. Námsmatið endurspeglar þessa nálgun okkar þar sem nemandi tekur gjarnan próf eða skilar verkefni við hæfi miðað við námslega stöðu færni og á þeim tíma sem hentar í námsferlinum úr því námsefni sem hann hefur unnið á önninni. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og er til þess fallið að auka sjálfstraust og að stuðla að því að nemandinn hafi trú á eigin námsgetu. Með þessum hætti er einnig auðveldara að mæta alls ólíkri stöðu nemenda; s.s. lesblindu, kvíða, misþroska en ekki síður ólíkum undirbúningi sem nemandi hefur fengið í þeim skóla sem hann kemur úr.

Námfús og Google Classroom

Kennarar setja upp „kennslustundir“ í hverri námsgrein inni á Google Classroom. Þar geta nemendur séð námsáætlanir og þar eru sett inn fjölbreytt verkefni sem nemendur skila ýmist inni á GC eða með öðrum hætti og kennarar meta. Nemandinn getur séð hvernig kennarinn metur einstaklingsverkefni en einnig er um að ræða verkefni þar sem tveir nemendur eða fleiri vinna saman. Í þeim tilfellum fá þeir námsmatið sem hópur.

Við nýtum bæði Námfús og Google Classroom í námsmatinu. Það hefur þó reynst snúið að láta þessi tvö kerfi vinna saman en í GC bættist við góður viðbótarmöguleiki veturinn 2019 – 2020 þegar valkosturinn „Rubrik“ kom inn. Það hentar betur í að mæta kröfum um framsetningu námsmatsins samkvæmt aðalnámskrá.

Valáfangar

Á hverri þriggja annanna velja nemendur sér valáfanga. Í lok þeirra á sér stað námsmat sem er skráð inn á vitnisburðarblað. Lokanámsmat þriggja ára (8., 9. og 10. bekkjar) er síðan dregið saman í vitnisburð list- og verkgreina við lok grunnskóla.

Hrós og viðurkenningar

Okkur finnst mjög mikilvægt að hrósa. Það gerum við óspart á hverjum vetri og leitum gjarnan að tækifærum til að veita viðurkenningar. Þær eru af ýmsu tagi, fyrir jákvæða framkomu; t.d. hjálpfýsi, samvinnu, að láta sér annt um aðra, fyrir rannsóknarverkefni, hópvinnu, þátttöku í Skrekk, skapandi tilbrif, ritsnilli, leikræna hæfileika, námsárangur og þannig má lengi telja.

